

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Grímur Grímsson lögreglufulltrúi Staður og stund:		006-2002-0086
Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, miðvikudaginn 25. maí 2005, kl. 10:47 Sakarefni:		V/4.16
Ætluð brot gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og 158. gr. alm. hgl. 19/1940. Sakborningur/grunaður:		
Jón Ásgeir Jóhannesson Starf/staða:		270168-4509 Vinnusími:
Forstjóri Baugs-Group hf. Lögheimili:		696 9999 Sími:
Laufásvegur 69, Rvík. Dvalarstaður:		Sími:

Jón Ásgeir er mættur til yfirheyrslu samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar ráðstöfun fjármuna Baugs og færslur í bókhald félagsins.

Jóni Ásgeiri er kynnt að hann þurfi ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hann vilji. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kys að tjá sig um og draga ekkert það undan sem máli kann að skipta.

Með Jóni Ásgeiri er mættur skipaður verjandi hans, Gestur Jónsson, hrl. Einnig er viðstödd skýrslutökuna Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi sem einnig er þátttakandi í skýrslutökunni og Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann skilji tilvitnuð réttarfarsákvæði og sé tilbúin að tjá sig.

Jón Ásgeir segir svo vera.

Gestur Jónsson hrl. óskar eftir við upphaf skýrslutöku að bókað verði að í tenglum við yfirheyrslur varðandi 95 milljón króna greiðslu frá Baugi til Gaums árið 2001 verði Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka og Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupþings banka yfirheyrðir með tilliti til greiðslna til Íslandsbanka og Kaupþings í tenglum við kaup Baugs á A-Holding árið 2001.

Vörslureikningur hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Jóni Ásgeiri er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

Færsla nr. 9281 dags. 30.06.1999 með texta: „Hlutabréf í Baugi seld Kaupþingi“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	330.764.000,00	
F 73112	Biðreikningur		330.764.000,00

Um er að ræða færslu til eignar á viðskiptareikningi Kaupþings hf. sem byggir á fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.2.1) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en þar segir um færsluna: „Kaup á eigin bréfum.(gamall samningur)“, „Baugur kaupir 5% í Baugi og fær lán hjá FBA“, „413.455.006.- Biðreikningur“, „Selur Kaupþingi 4/5 hlut 330.764.000 út af biðreikn. D/viðskm. KP“.

Jóni Ásgeiri er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð innri endurskoðunar Baugs þann 14. janúar 2003 (skjal málsins nr. II/15.11.2) sem var svar við bréfi RLS ~~007.114.2~~ M

nóvember 2002. (skjal málsins nr. II/15.7). Í greinargerðinni kemur fram: „Um miðjan júní 1999 voru seld hlutabréf að nafnverði kr. 20.000 þús. á genginu 6,24 út af fjárvörslureikningi Baugs hjá Kaupþingi Luxembourg.“

Jóni Ásgeiri er einnig kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Í greinargerðinni kemur fram: „... lögðu eigendur félagsins af hlutafé sínu 4% alls hlutafjár inn á reiknings hjá Kaupthing Luxembourg, sbr. vörslusamning frá 14. október 1998.“

Þá er Jóni Ásgeiri kynntur framburður Magnúsar Guðmundssonar forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg sem hann gaf við skýrslutöku hjá lögreglu dags. 15 apríl 2005 (skjal málsins IV/48.6). Magnús sagði í framburði sínum þegar hann var beðinn um að lýsa viðskiptum á milli Kaupthing Bank og Baugs á fyrri hluta árs 1999 með 4% hlutafjár í Baugi að nafnverði 40.000.000,00: „Magnús segir að upphaflegi tilgangurinn hafi verið að KL myndi vera vörsluaðili hlutabréfanna sem nota átti til að uppfylla kaupréttarákvæði lykilstarfsmanna Baugs. Hlutverk KL í þessum viðskiptum hafi verið það að taka að sér vörslu bréfanna.“

Jóni Ásgeiri er kynnt að samkvæmt ofangreindum greinargerðum svo og framburði Magnúsar Guðmundssonar hafi ekki verið um að ræða sölu Baugs á eigin hlutabréfum til Kaupþings dags. 30. júní 1999 eins og fram kemur í bókhaldi félagsins heldur hafi verið um að ræða færslu bréfanna inn á vörslureikning Baugs hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvers vegna varsla eigin hlutabréfa Baugs hjá Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið færð sem sala hlutabréfanna frá Baugi til Kaupþings og færð krafa á viðskiptareikning Kaupþings hjá Baugi.

Jón Ásgeir kveðst engu hafa við að bæta þær skýringar sem fram hafa komið frá Baugi hf.

Fyrir Jón Ásgeir er lagt fylgiskjal nr. II/45.2.2.1 og hann spurður hver hafi útbúið skjalið.

Jón Ásgeir segir að hann viti ekki hver hafi útbúið þetta skjal og kveðst ekki hafa útbúið það sjálfur.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra það sem fram kemur á fylgiskjalinu.

Jón Ásgeir segir að honum sýnist að þarna sé verið að lýsa viðskiptum með hlutabréf.

Jón Ásgeir er spurður hvort Baugur og Kaupthing Bank Luxembourg hafi haft viðskipti með hlutabréf í Baugi á þessum tíma.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna hvort slík viðskipti hafi átt sér stað á milli Baugs og Kaupþings.

Fyrir Jón Ásgeir er nú lögð tilkynning til hlutaskrár Baugs hf. dags. 31. mars. 1999 undirrituð af Tryggva Jónssyni en þar kemur fram að Baugur hafi þann sama dag selt Kaupthing Luxembourg S.A. hlutabréf í Baugi að nafnverði 40.000.000.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvers vegna tilkynningin sé dagsett 31. mars 1999 þó að viðskiptin séu bókuð þann 30. júní 1999.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki skýrt það að dags. tilkynningarinnar sé önnur en dags. bókunarinnar í bókhaldi félagsins.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti upplýst hvort Baugur hafi selt Kaupthing Bank Luxembourg hlutabréf í Baugi að nafnvirði 40.000.000 eða hvort um hafi verið að ræða færslu bréfanna í vörslu Kaupthing Bank Luxembourg, þ.e. að bréfin hafi áfram verið eign Baugs.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta upplýst um þetta og kveðst vísa til Baugs að svara þessu.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann telji framkomnar skýringar innri endurskoðunar Baugs og stjórnarformanns félagsins þess efnis að 40.000.000 hlutir í Baugi hafi verið færðir til Kaupthing Bank í Luxembourg á vörslureikning réttar eða hvort hann dragi þær í efa.

Jón Ásgeir kveðst engu við skýringar Baugs hafa að bæta og kveðst ekki geta svarað þessu án þess að kynna sér gögn.

Jóni Ásgeiri er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

Færsla nr. S005114 dags. 07.07.1999 með texta: „Kaupþing“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing		165.382.000,00
B 77	SPRON	165.382.000,00	

Um er að ræða færslu sem byggð er á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.3) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Greiðslan er framkvæmd með millifærslu af vörslureikningi Baugs í Luxembourg inn á tékkareikning Baugs hjá SPRON í gegnum bankareikning Kaupthing Bank Luxembourg hjá SPRON (1100-15-454080).

Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við fylgiskjal nr. II/45.2.3 og hver hafi útbúið það. Fylgiskjalið er lagt fyrir Jón Ásgeir.

„Nei“

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti upplýst hver hafi útbúið fylgiskjalið.

Jón Ásgeir segir að um sé að ræða blað með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar og sér sýnist sem um sé að ræða skrift Tryggva.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra fyrirmælin sem fram koma á fylgiskjalinu.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt fyrirmælin.

Jón Ásgeir er spurður hvers vegna þessi fjárhæð sé skráð sem greiðsla frá Kaupþingi á hluta af kröfu bankans hjá Baugi skv. viðskiptareikningi.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt þetta en bendir á svör félagsins.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Magnús Guðmundsson hafi við yfirheyrslu hjá lögreglu dags. 16. apríl 2005 (skjal málsins nr. IV/48.7) sagt þegar hann var spurður um greiðslu að fjárhæð kr. 165.382.000 frá Kaupthing Bank Luxembourg til Baugs dags. 7. júlí 1999 að um sé að ræða greiðslu af vörslureikningi Baugs í Luxembourg til Baugs hf. á Íslandi sem myndað hafi yfirdrátt á vörslureikningnum.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti upplýst hvort Baugur hafi selt Kaupthing Bank Luxembourg hlutabréf í Baugi að nafnvirði 40.000.000 eða hvort um hafi verið að ræða færslu bréfanna í vörslu Kaupthing Bank Luxembourg, þ.e. að bréfin hafi áfram verið eign Baugs.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta upplýst um þetta og kveðst vísa til Baugs að svara þessu.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann telji framkomnar skýringar innri endurskoðunar Baugs og stjórnarformanns félagsins þess efnis að 40.000.000 hlutir í Baugi hafi verið færðir til Kaupthing Bank í Luxembourg á vörslureikning réttar eða hvort hann dragi þær í efa.

Jón Ásgeir kveðst engu við skýringar Baugs hafa að bæta og kveðst ekki geta svarað þessu án þess að kynna sér gögn.

Jóni Ásgeiri er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

Færsla nr. S005114 dags. 07.07.1999 með texta: „Kaupþing“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing		165.382.000,00
B 77	SPRON	165.382.000,00	

Um er að ræða færslu sem byggð er á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.3) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Greiðslan er framkvæmd með millifærslu af vörslureikningi Baugs í Luxembourg inn á tékkareikning Baugs hjá SPRON í gegnum bankareikning Kaupthing Bank Luxembourg hjá SPRON (1100-15-454080).

Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við fylgiskjal nr. II/45.2.3 og hver hafi útbúið það. Fylgiskjalið er lagt fyrir Jón Ásgeir.

„Nei“

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti upplýst hver hafi útbúið fylgiskjalið.

Jón Ásgeir segir að um sé að ræða blað með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar og sér sýnist sem um sé að ræða skrift Tryggva.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra fyrirmælin sem fram koma á fylgiskjalinu.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt fyrirmælin.

Jón Ásgeir er spurður hvers vegna þessi fjárhæð sé skráð sem greiðsla frá Kaupþingi á hluta af kröfu bankans hjá Baugi skv. viðskiptareikningi.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt þetta en bendir á svör félagsins.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Magnús Guðmundsson hafi við yfirheyrslu hjá lögreglu dags. 16. apríl 2005 (skjal málsins nr. IV/48.7) sagt þegar hann var spurður um greiðslu að fjárhæð kr. 165.382.000 frá Kaupthing Bank Luxembourg til Baugs dags. 7. júlí 1999 að um sé að ræða greiðslu af vörslureikningi Baugs í Luxembourg til Baugs hf. á Íslandi sem myndað hafi yfirdrátt á vörslureikningnum.

(sbr. skjal málsins nr. II/44.4.1.6)

(sbr. skjal málsins nr. II/44.4.1.6)

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Magnúsar.

Jón Ásgeir kveðst enga afstöðu taka.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvers vegna millifærsla á milli eigin reikninga Baugs sé skráð í bókhaldi félagsins eins og Kaupthing Bank Luxembourg sé að greiða hluta kröfu Baugs samkvæmt viðskiptareikningi bankans hjá Baugi.

Jón Ásgeir kveðst vísa til skýringa Baugs.

Jóni Ásgeir er kynnt að í skýringum Baugs komi ekki fram skýringar á þessum færslumáta og er Jón Ásgeir spurður hvort hann geti varpað ljósi þar á.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt þennan færslumáta.

Jóni Ásgeiri er kynnt að í greinargerð innri endurskoðunar Baugs dags. 14. janúar 2003 (skjal málsins nr. II/15.11.2) komi fram: „Um miðjan júní 1999 voru seld hlutabréf að nafnverði kr. 20.000 þús. á genginu 6,24 út af fjárvörslureikningi Baugs hjá Kaupþingi Luxembourg. (Sjá confirmation 23rd July 1999). Samkvæmt forstjóra félagsins var hér um að ræða nýtingu hluta kaupréttar til handa æðstu stjórnendum, þeim Óskari Magnússyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni. Keypti Óskar hlutabréf að nafnverði kr. 10.000 þús. en þeir Jón Ásgeir og Tryggvi kr. 5.000 þús. hvor.“

Jóni Ásgeiri er einnig kynnt að í greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) komi fram: „Seldir voru samtals 20 milljón hlutir á markaðsgengi, sem var um 10,0. Mismunur markaðsverð og kaupréttar var 75,2 milljónir króna þar sem kaupréttargengið var 6,24 skv. ákvæðum starfssamninganna [...]. Þessi fjárhæð skiptist þannig milli þeirra: Óskar nýtti sér kauprétt vegna 10 milljóna hluta, Jón Ásgeir vegna 5 milljóna hluta og Tryggvi vegna 5 milljóna hluta. Voru þessar greiðslur lagðar inn á reikninga þeirra hjá bankanum.“

Jóni Ásgeiri eru kynnt eftirtalin gögn sem voru haldlögð við húsleit lögregluþyrvalda í Luxembourg hjá Kaupthing Bank Luxembourg sem fram fór í apríl 2004:

Staðfesting Kaupthing Bank Luxembourg til Baugs hf. dags. 23.7. 1999 um sölu hlutabréfa í Baugi hf. að nafnverði kr. 20.000.000 á genginu 6,24, kaupdagur 15.6. 1999 ásamt söluskipun,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Terra á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörslureikningi Terra Worldwide nr. 00. 400 035 sem sýnir kaup Terra Worldwide á ofangreindum bréfum fyrir kr. 62.400.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 100.000.000,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Tryggva Jónssonar á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 5.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörslureikningi Tryggva Jónssonar nr. 00. 100 223 sem sýnir kaup Tryggva Jónssonar á ofangreindum bréfum fyrir kr. 31.200.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 50.000.000,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Jón Ásgeirs Jóhannessonar á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 5.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörslureikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nr. 00. 100 127 sem sýnir kaup Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á ofangreindum bréfum fyrir kr. 31.200.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 50.000.000,

Bankafærslur hjá Kaupthing Bank Luxembourg, dags. 15.6. 1999 sem sýna sölu Baugs hf. á eigin bréfum að nafnverði kr. 20.000.000 og kaup Óskars Magnússonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á sömu bréfum.

(skjöl málsins II/44.4.1, II/44.4.1.1, II/44.4.1.2, II/44.4.1.3, II/44.4.1.4)

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvað ofangreind gögn úr Kaupthing Bank Luxembourg sýna með hliðsjón af ofangreindum skýringum Auðbjargar og Hreins.

Jón Ásgeir segir að ofangreindar skýringar Hreins Loftssonar þar sem hann lýsir að Óskar Magnússon, Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi verið að nýta kauprétti skv. starfssamningum séu réttar.

Jón Ásgeir er beðinn um að upplýsa hvað bréf, í eigu Baugs, hjá Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið notuð til að uppfylla kaupréttarákvæði starfssamninganna.

Jón Ásgeir kveðst vísa til skýringa Baugs og kveðst ekki geta upplýst um hvaða bréf sé að ræða.

Jóni Ásgeiri er kynnt að af bankagögnunum megi sjá að hann sjálfur, Óskar Magnússon og Tryggvi Jónsson hafi keypt hlutabréf í Baugi á genginu 6,24 og fengið þau hlutabréf af vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank í Luxembourg. Þeir hafi síðan selt sömu hlutabréf samdægurs á genginu 10,0.

Jón Ásgeir er spurður hvort gögn þau sem fyrir hann hafa verið lögð og aflað var við húsleit lögreglu yfirvalda í Luxembourg hjá KL sýni að hann, Óskar Magnússon og Tryggvi Jónsson hafi verið að nýta kauprétt í hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum þeirra.

Jón Ásgeir segir að framkvæma hafi átt þess uppfyllingu kaupréttarákvæða starfssamninga þeirra með því að Kaupthing Bank Luxembourg myndi kaupa og selja hlutabréf og leggja mismun kaups og sölu inn á vörslureikninga þessara einstaklinga hjá Kaupthing Bank í Luxembourg. Aðspurður um hvaða hlutabréf í Baugi hafi verið að ræða kveðst Jón Ásgeir ekki vita það.

Jón Ásgeir er spurður hver hafi séð um að kynna Kaupthing Bank Luxembourg að hann ætlaði að nýta kauprétt samkvæmt starfssamningi.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það en Tryggvi Jónsson hafi verið sá sem í mestum samskiptum hafi verið við Kaupthing Bank Luxembourg.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi vitað um að Óskar og Tryggvi væru að nýta sinn kauprétt.

Jón Ásgeir kveðst telja að á þessum tíma hafi hann haft um það vitneskju.

Jón Ásgeir er spurður hvernig þessi viðskipti hafi verið skráð hjá Baugi hf.

Jón Ásgeir kveðst þurfa að kynna sér gögn hjá Baugi til að geta svarað spurningunni.

Aðspurður um hver hafi átt að sjá um viðskiptin segir Jón Ásgeir að það sé ljóst að þessi viðskipti hans, Tryggva og Óskars við Baug í samræmi við kaupréttarákvæði starfssamninga þeirra hafi verið á könnu Tryggva Jónssonar yfirmanns fjármála hjá félaginu.

Jón Ásgeir er spurður hvernig því hafi verið komið til skila í bókhaldi Baugs hf. að þessir þrír lykilstarfsmenn félagsins hafi verið að nýta sér kauprétt í hlutabréfum Baugs hf. dags. 15. júní 1999.

Jón Ásgeir segir að það hafi komið fram á vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank í Luxembourg.

Jón Ásgeir er spurður hvort færsla í bókhaldi Baugs sem sýni greiðslu Kaupthings Bank í Luxembourg á helmingi kröfu Baugs samkvæmt viðskiptareikningi, dags. 7.7. 1999 hafi átt að uppfylla tilkyningu til félagsins um nýtingu kaupréttar Óskar, Jóns Ásgeirs og Tryggva.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki sagt til um hvort það hafi verið þessi greiðsla eða eitthvað annað.

Jón Ásgeir er spurður hvort stjórn Baugs hafi verið kunnugt um að hann, Óskar Magnússon og Tryggvi Jónsson hafi nýtt sér rétt sinn til kaupa á hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum þeirra.

Jón segir að hann viti ekki um það. Jón Ásgeir bendir á að Óskar Magnússon hafi verið einn þeirra sem voru að nýta sér kauprétt og því hafi það verið hans verk að upplýsa stjórn um nýtingu þeirra á kauprétti þeirra samkvæmt starfssamningum.

Jón Ásgeir er beðinn um að greina frá hvaða kauprétti hann, Óskar Magnússon og Tryggvi Jónsson hafi átt í hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum.

Jón Ásgeir segir að RLS hafi undir höndum starfssamninga þeirra.

Jóni Ásgeiri er kynnt að samkvæmt starfssamningum Óskars, Tryggva og Jóns Ásgeirs hafi þeir átt kauprétti að hlutabréfum í Baugi eins og fram kemur í töflunni hér að neðan:

Heimild til nýtingar kaupréttar ->	Ár 1998 í þkr	Ár 1999 í þkr	Ár 2000 í þkr	Ár 2001 í þkr	Ár 2002 í þkr
Jón Ásgeir Jóhannesson	5.000	5.000	5.000		
Óskar Magnússon	5.000	5.000	5.000		
Tryggvi Jónsson	1.024	2.244	2.244	2.244	2.244

Jón Ásgeir er spurður hvaða kaupréttir hafi verið orðnir virkir á þeim tíma sem hann, Óskar og Tryggvi nýttu sér kauprétt 15. júní 1999. Starfssamningur Jóns Ásgeirs dags. 18. júní 1998 er lagður fyrir hann.

Jón Ásgeir segir að virkur réttur hans til hlutabréfakaupa í Baugi skv. 9. gr. starfssamnings hans sé á þessum tíma 7 milljónir að nafnvirði hlutafjár í félaginu. Jón Ásgeir bendir á að greiðslur vegna þessa inn á reikning hans hjá Kaupthing Bank í Luxembourg séu þann 23. júlí 1999 eða eftir að hálfársuppgjör félagsins fyrir árið 1999 liggur fyrir.

Jón Ásgeir er spurður í ljósi kaupréttarheimilda Tryggva Jónssonar hvers vegna Tryggvi hafi keypt hlutabréf í Baugi að nafnvirði 5.000.000 á kaupréttargenginu 6,24. Fyrir Tryggva er lagður starfssamningur Tryggva Jónssonar dags. 18. júní 1998.

07148

Jón Ásgeir segir að sennilega hafi Tryggvi Jónsson fengið leyfi forstjóra og stjórnarformanns til þessara kaupa. Jón Ásgeir segir að þeir hafi heimild til breytinga á starfssamningum starfsfólk.

Færsla nr. S005128 dags. 08.07.1999 með texta: „Kaupþing“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 73112	Biðreikningur	21.582.000,00	
B 77	SPRON		21.582.000,00

Um er að ræða færslu, sem færð er til eignar á „Biðreikningur“ og byggð á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.4) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Greiðslan er framkvæmd með millifærslu af tékkareikningi Baugs hjá SPRON í gegnum bankareikning Kaupthing Bank Luxembourg hjá SPRON (1100-15-454080) inn á vörslureikning Baugs í Luxembourg (skjal málsins nr. II/44.4.1.5).

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvað sé á bak við ofangreinda færslu í bókhaldi Baugs.

Jón Ásgeir kveðst ekki hafa um það hugmynd og kveðst benda á skýringar félagsins.

Jón Ásgeir er spurður hvort borist hafi reikningur vegna þessarar greiðslu til Kaupþings.

Jón Ásgeir kveðst ekki vita hvort borist hafi reikningur vegna þessa og hann geti ekki haft yfirsýn yfir reikninga í bókhaldi sem hafi milljónir færslna.

Jóni Ásgeiri er kynnt að eignfærsla á „Biðreikningur“ hafi verið leiðrétt tæpum tveimur árum eftir færslu hennar og fjárhæðin þá eignfærð á bókhaldslykil „Annar fyrirframgreiddur kostnaður án vsk“.

Færsla nr. I00725 dags. 30.06.2001 með texta: „Kaupþing fært á fyrirframgreiddan kostnað“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 73112	Biðreikningur		21.582.000,00
B 74592	Annar fyrirframgreiddur kostnaður án vsk	21.582.000,00	

Færslan er byggð á fyrirmælum um færslur samkvæmt bókunarblaði sem er handskrifað, ódagsett og óundirritað (skjal málsins nr. II/45.2.5).

Jón Ásgeir er spurður hvort að hann geti skýrt þessa færslu á milli bókhaldslykla.

Jón Ásgeir segir að geti enga skýringu gefið á þessu.

Jóni Ásgeiri er kynnt að samkvæmt gögnum úr bókhaldi Baugs megi sjá að í mars 2001 hafi verið byrjað að gjaldfæra fjárhæðina 21.582.000,00 í bókhaldi Baugs með mánaðarlegum færslum (lotunum) að fjárhæð kr. 900.000,00.

Undir Jón Ásgeir eru nú borin skjöl úr bókhaldi Baugs sem sýna lotunina fram til júní 2002 en þá höfðu verið lotaðar samtals kr. 14.400.000,00 (skjöl málsins nr. II/45.2.6-II/45.2.21).

Jón Ásgeir er nú beðinn um að skýra ástæðu þess að fjárhæðin er gjaldfærð og jafnframt hvers vegna það sé gert með þeim hætti að lota kr. 900.000,00 mánaðarlega.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki útskýrt þetta.

Tölvupóstur Tryggva Jónssonar.

Jóni Ásgeiri er nú kynnt að við rannsókn á tölvu Tryggva Jónssonar sem lagt var hald á við húsleit lögreglu í höfuðstöðvum Baugs hf. 28. ágúst 2002 hafi fundist tölvupóstssamskipti á milli Tryggva Jónssonar og Magnúsar Guðmundssonar forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg.

Tölvupósturinn verður nú borinn undir Jón Ásgeir (póstur nr. 1 í samantekt rannsóknara, skjal málsins nr. II/45.1).

Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við efni þessa pósts.

Jón Ásgeir segir að hann hafi ekki fengið afrit þessa pósts og kveðst ekki vilja tjá sig um efni hans.

Undir Jón Ásgeir er borinn tölvupóstur frá Magnúsi Guðmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 6.7. 1999. (póstur nr. 2 í samantekt rannsóknara, skjal málsins nr. II/45.1)

Jóni Ásgeiri er kynnt að í þessum pósti virðist Magnús vera að svara hugmynd Tryggva úr tölvupóstinum frá 22.6. 1999 en í póstinum koma fram tillögur Magnúsar að því hvernig greiðslum skuli háttáð á milli Kaupthing Bank í Luxembourg og Baugs.

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta tjáð sig um þetta án þess að skoða viðhlýtandi gögn.

Lögð eru fyrir Jón Ásgeir gögn úr bókhaldi Baugs (skjal málsins nr. II/45.2.22). Um er að ræða færslur L0079 og S005340 ásamt fylgiskjölum.

Jón Ásgeir er spurður hvort þarna sé um að ræða fyrstu mánaðarlegu greiðsluna sem rætt er um í tölvupósti Tryggva og Magnúsar.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta tjáð sig um þetta. Jón Ásgeir segir að Tryggvi Jónsson hljóti að geta skýrt þetta.

Tekjufærslur á viðskiptareikning Kaupþings hjá Baugi.

Færsla nr. L0565 dags. 30.04.2000 með texta: „Tekjur v.ábyrgð á hlutabréfum“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	25.000.000,00	
F 51990	Aðrar fjármunatekjur		25.000.000,00

Um er að ræða færslu sem færð er til eignar á viðskiptamannareikningi Kaupþings hf. og byggð á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla, í fylgiskjali sem er handskrifað og óundirritað bréf dags. 30.04.2000, þar sem eftirfarandi skýring kemur fram: „Tekjur Baugs v/ábyrgðar á hlutabréfum í UVS. Heildartekjur 50 mill. 25 tekjufært í apríl samkv. TJ“.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við ofangreinda færslu og geti lýst þeim viðskiptum sem þar eru að baki.

„Nei, ekki nema sjá frekari gögn“

Færsla nr. L0619 dags. 30.06.2000 með texta: „Þóknun vegna hlutabréfakaupa“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	13.045.954,00	
F 19922	Tekjur utan samstæðu án vsk		13.045.954,00

Um er að ræða færslu, til eignar á viðskiptamannareikningi Kaupþings hf. Fylgiskjal með færslunni er útprentun úr færslubók.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra þessa tekjufærslu.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt þetta en segir að það hljóti að vera til á þessu eðlileg skýring.

Viðskipti með hlutabréf í Arcadia.

Jóni Ásgeiri er kynnt að hann sé grunaður um að hafa fært eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhaldi Baugs hf., um viðskipti og notkun fjármuna, þegar hann lét færa sölu 3,1 milljón hluta í Arcadia Plc. til Kaupthing Bank Luxembourg fyrir kr. 332.010.000 og endurkaup sömu hluta fyrir kr. 544.050.000.

Jóni Ásgeiri er nú kynnt að farið verði í nefndar færslur í bókhaldi Baugs og hann spurður nánar um hverja þeirra.

Færsla nr. I00296 dags. 31.12.2000 með texta: „Lokaf. Sala hlbr. Arcadia til Kaupp. Lux“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	332.010.000,00	
F65595	Erlend hlutabréf		167.399.464,00
F55505	Hagnaður af sölu hlutabréfa		164.610.536,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á óundirrituðu lokafærslublaði frá endurskoðunarstofu Baugs, dags. 23.03.2001 (skjal málsins nr. II/44.2.10).

Færsla nr. T000630 dags. 02.02.2001 með texta: „Sala á Arcadia hlutabréfum“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
B 720	Íslandsbanki hf.	332.010,00	
B 720	Íslandsbanki hf.	331.677.990,00	
V560882-0419	Kaupþing		332.010.000,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á handskrifuðu blaði, ódagsettu og óundirrituðu, með skýringunni „Sala á Arcadia hlutabréfum“, auk afrits af bankayfirliti Baugs hf. sem sýnir innborgun á reikning hlutafélagsins, hinn 01.02.2001, að sömu fjárhæð.

Færsla nr. L1073 dags. 11.05.2001 með texta: „Stofnhlutafé í A-Holding“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 65193	Hlutafé, A-Holding	544.050.000,00	
V560882-0419	Kaupþing		544.050.000,00

Um er að ræða færslu sem byggð er á handskrifuðu blaði, dags. 27.06.2001, merkt „Jóhanna“, með skýringunni:

„1. Baugur selur K. Lúx. 3,1 m x 0,85 x 126 = 332 mills.

2. Baugur kaupir aftur 3,1 m bréf x 135 x 130 = 544 mills. K. Lúx lánar.

27/6 TJ og Magnús útvega skuldabréf til 5 ára með 4 afb. útg.dagur 30/6 með áföllnum vöxtum. Bókast sem stofnframlag Baugs hf. í A-Holding (Hlutafé)“.

Færsla nr. I00743 dags. 30.06.2001 með texta „Lokaf. Bakf. skuld við Kaupþing.“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V Holding	Baugur Holding S.A.		544.000.000,00
V560882-0419	Kaupþing	544.000.000,00	

Um er að ræða færslu sem byggð er á óundirrituðu lokafærsluskjali frá endurskoðunarstofu hlutafélagsins, dags. 27.09.2001, með skýringartextanum „Bakfærð skuld við Kaupþing (skuldfærast í bókhaldi B-Holding)“.

Jóni Ásgeiri er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Í greinargerðinni kemur fram: „Undir lok ársins 2000 átti Baugur 3,1 milljón hluti í breska verslunarfélaginu Arcadia. Kaup hlutanna höfðu verið fjármögnum af Íslandsbanka-FBA og átti sá banki veð í þeim. Að sögn Tryggva Jónssonar varð að samkomulagi milli hans f.h. Baugs og Magnúsar Guðmundssonar, bankastjóra, f.h. Kaupthing Bank, að selja bankanum hlutinn í fjármögnunarskyni á markaðsverði, eða GBP 0,85, sbr. meðfylgjandi samning [fskj. 8]. Baugur átti að selja hlutabréf sín í Arcadia gegn greiðslu frá bankanum og leggja þau síðan inn á vörslureikning Baugs þar sem þau yrðu höfð til tryggingar kröfum bankans. Vísað er í vörslureikninginn í 1. tölulið hér að framan. Í opnunarskjali hans, undirrituðu af Tryggva Jónssyni, f.h. Baugs 14. október 1998, segir, að reikningurinn sé í nafni Kaupthing Bank. Bankinn hafði skv. ákvæðum hans heimild til að selja og kaupa verðbréf og jafnframt kemur þar fram, að öll verðmæti á honum séu að handveði til tryggingar öllum kröfum bankans. Að sögn Tryggva Jónssonar var vörslusamningurinn gerður á grundvelli samstarfssamnings allra þáverandi hluthafa, sbr. fskj. 1. Í byrjun febrúar 2001 borgaði bankinn söluandvirði bréfanna, 332 milljónir króna, GBP 2.635.000, inn á vörslureikninginn. Þeir fjármunir runnu til Íslandsbanka-FBA [fskj. 9] og átti í kjölfarið að létta veðböndum af bréfunum, en það gekk seint og illa að sögn Tryggva Jónssonar, sem hafði með höndum það verk að hálfu Baugs. Bréfin átti að leggja veðbandslaus inn á vörslureikninginn til tryggingar á fjármögnun hlutabréfanna, eins og áður getur.

Framangreint átti sér stað um líkt leyti og sú hugmynd vaknar í viðræðum Jón Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka-FBA, og Hreiðars Más Sigurðssonar, aðstoðarforstjóra Kaupþings, að stofna félagið A-Holding S.A., færa til þess hluti í Arcadia í eigu Baugs og Gaums, fjölga hluthöfum og kaupa fimm tung alls hlutafjár í Arcadia. Markmiðið var, að skapa skilyrði fyrir Baug til að eignast 20% hlut og gera Arcadia þannig að hlutdeildarfélagi Baugs. Nánari umfjöllun er um A-Holding í 4. tölulið hér að neðan.

Þeir Tryggvi og Magnús virðast ekki hafa verið hafðir með í ráðum þegar útfærsla á fjármögnun A-Holding var á teikniþorðinu. Salan á hlut Baugs í Arcadia var bókfærð hjá Baugi eins og áður greinir og samkvæmt bókhaldi félagsins var hluturinn keyptur aftur af Kaupthing Bank, eftir að ákveðið var að stofna A-Holding og leggja bréfin veðbandalaus inn í það félag. Kaupin fóru fram á markaðsverði miðað við 15. febrúar 2001, eða GBP 1,35, alls GBP 4.185.000, sem svarar til 544 milljóna króna, sbr. meðfylgjandi samning [fskj. 10], en það gengi er í samræmi við viðskipti annarra hluthafa A-Holding um stofnun þess félags um líkt leyti. Skýrist hækkunin úr 332 í 544 milljónir króna af breytingum á gengi hlutafjár í Arcadia. Líkt og áður segir gat Baugur ekki afhent bréfin í Arcadia þar sem veðböndum hafði ekki verið aflétt. Viðskiptin gengu því til baka með gerð greinds kaupsamnings. Engin greiðsla var innt af hendi vegna kaupanna.

Niðurstaðan var því sú, að Kaupthing Bank lánaði Baugi 332 milljónir króna vegna hlutabréfanna í Arcadia, en án sérstakrar tryggingar þar sem bréfin voru lögð til A-Holding á 544 milljónir króna, sem stofnframlag Baugs, en fóru ekki inn á vörslureikninginn. Skuldin við Kaupthing Bank varð eftir í bókum félagsins. Baugur tók á hinn bóginn lán 28. desember 2001 hjá Kaupþingi hf., Reykjavík, að fjárhæð USD 20.239.779 og ráðstafaði af því láni USD 5.000.000 [fskj. 11] inn á vörslureikninginn hjá Kaupthing Bank til endurfjármögnunar á hlutafjárkaupunum í Arcadia og greiddi þannig skuldina gagnvart Kaupthing Bank að fullu. Miðað við gengi gjaldmiðla á þessum tíma svara USD 5.000.000 til GBP 3.429.390, en skuld

Baug s við Kaupthing Bank vegna þessara viðskipta var í GBP. Þá var það ekki fyrr en við afstemmingu á vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank, sbr. 2. tölulið hér að framan, að starfsmenn og endurskoðendur fengu um það vitneskju, að viðskiptin með hlutabréf í Arcadia höfðu gengið til baka á árinu 2001. Umrædd viðskipti hafa verið bakfærð í bókhaldi Baugs [fskj. 12]. Sú bakfærsla hefur hins vegar engin áhrif á fjárhagsstöðu Baugs þar sem um var að ræða viðskipti innan samstæðunnar. Í ljós alls framangreinds liggur fyrir skv. bókum félagsins, að verðmætum vegna hlutabréfanna í Arcadia var aldrei ráðstafað út úr samstæðu Baugs fyrr en með endanlegri sölu þeirra haustið 2002.“

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti staðfest þessar skýringar Hreins Loftssonar. Jón Ásgeir er enn fremur spurður hvort hann hafi einhverju við skýringar Hreins að bæta.

Jón Ásgeir kveðst staðfesta skýringar Hreins og hafa engu við þær að bæta öðru en því að hlutabréf stofnhlutahafa A-Holding í Arcadia hafi ekki öll verið færð inn í A-Holding á sama gengi.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Magnús Guðmundsson forstjóri Kaupthing Bank Luxembourg hafi komið til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna vörslureiknings Baugs hjá KL þann 15. apríl 2005 (skjal málsins nr IV/48.4).

Jóni Ásgeiri er kynntur eftirfarandi texti úr framburði Magnúsar:

„Magnús segir að hugmyndin hafi verið sú að fjármagna hlutabréfakaup Baugs í Arcadia. Hlutabréfin sem KL ætlaði að fjármagna voru veðsett í Íslandsbanka, og hugmyndin var því sú að KL myndi kaupa bréfin fyrir hönd Baugs til þess að geta fengið bréfin að veði gegn láni til Baugs fyrir kaupverðinu. Magnús segist hafa útvegað Baugi yfirdráttarheimild á reikningi Baugs í KL, upp á rúmar 300 milljónir. Þetta hafi verið hugmyndin að baki þessu, þannig ætlaði Baugur að eignast bréfin og kaupa þau með láni frá KL sem tryggt væri með veði í bréfunum sjálfum. Magnús segir að það sem gerst hafi var að Magnús fékk aldrei bréfin afhent frá Íslandsbanka og því í hans huga hafi viðskiptin ekki átt sér stað, en lánið, þ.e. yfirdráttarheimildin, hafi verið veitt.“

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Magnúsar.

Jón Ásgeir kveðst enga afstöðu til þessa vilja taka.

Jón Ásgeir er spurður hvort þau viðskipti hafi orðið að Baugur hafi selt Kaupthing Bank Luxembourg 3,1 milljón hluti 29. desember 2000.

Jón Ásgeir segir að hann reki minni til að viðskiptin hafi orðið eins og lýst er í greinargerð Hreins Loftssonar.

Jón Ásgeir er spurður hvort sala á hlutabréfum Baugs í Arcadia til Kaupthing Bank í Luxembourg hafi verið á hans könnu.

Jón Ásgeir segir að það hafi þegar komið fram að Tryggvi Jónsson hafi séð um þessi viðskipti.

Undir Jón Ásgeir er nú borin fundargerð Baugs 12. janúar 2001. Í fundargerðinni kemur fram að Jón Ásgeir lýsir viðskiptaáætlun um stofnun A-Holding til að halda utan um hlutafé í Arcadia.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi á þessum fundi verið að lýsa innlögn hlutabréfa í Arcadia í A-Holding þrátt fyrir að Baugur hafi þá engin bréf átt í Arcadia.

Jón Ásgeir segir að í hans huga hafi Baugur átt „call“-rétt í hlutabréfum þeim sem seld voru Kaupthing Bank Luxembourg í lok desember 2000 og þau bréf hafi átt að leggja inn í A-Holding.

Aðspurður um kaupréttargengi eða „call“-réttargengi segir Jón Ásgeir að hann muni það ekki.

Jón Ásgeir er spurður um hvort „call“-rétturinn hafi byggt á munnlegum samningi og þá við hvern hann hafi verið.

Jón Ásgeir kveðst ekki vilja tjá sig um hvort samningurinn hafi verið munnlegur eða skriflegur. Jón Ásgeir segir að hann viti ekki hvaða einstaklingur hjá Kaupthing Bank í Lux. slíkur munnlegur samningur um kauprétt hafi verið gerður. Jón Ásgeir segir að vísa verði spurningum um þetta til Tryggva Jónssonar.

Jóni Ásgeiri er kynnt að vegna rannsóknar málsins hafi efnahagsbrotadeild með bréfi dags. 18. maí 2004 (skjal málsins nr. II/44.3) m.a. óskað upplýsinga Íslandsbanka um heimildir Baugs til ráðstöfunar á hlutum í Arcadia Plc. en fjármögnun þeirra hafði verið gerð með framvirkum lánasamningi við Íslandsbanka sem tryggður hafði verið með veði í hlutabréfunum.

Jóni Ásgeiri er kynnt að í svari Íslandsbanka dags. 9. júlí 2004 (skjal málsins nr. II/44.3.1-II/44.3.9) komi fram: „Á tímabilinu 13.10.2000 til 01.02.2001, þ.e. að á meðan framvirkir samningar um hlutinn voru í gildi þá hafði Baugur hf. ekki heimild til að ráðstafa beinum eignarrétti yfir eignarhlutum, án samþykkis Íslandsbanka – á þeim tíma var félaginu þó frjálst að ráðstafa hvers kyns óbeinum eignarrétti yfir bréfunum svo sem óinnleystum hagnaði enda brjóti slíkt ekki í bága við samninga félagsins við Íslandsbanka. Frá og með 01.02.2001 var Baugi hf. heimilt að ráðstafa réttindum yfir eignarhlutum án samþykkis Íslandsbanka.“

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra sölu Baugs hf. á hlutabréfum í Arcadia í ljósi þess að Baugur hafi ekki haft heimild til ráðstöfunar yfir beinum eignarrétti hlutabréfanna, án samþykkis Íslandsbanka, fyrir en 1. febrúar 2001.

Jón Ásgeir segir að það sé fjarstæða að halda því fram að það hafi verið ómögulegt að selja bréfin á þessum tíma. Jón Ásgeir segir að hægt hefði verið að taka peninga annars staðar úr félaginu og greiða Íslandsbanka og fá þannig veði aflétt af bréfunum.

Aðspurður um hvort erfiðlega hafi gengið að létta veði af hlutabréfum í Arcadia eftir að láni vegna þeirra hafði verið aflétt hjá Íslandsbanka kveðst Jón Ásgeir ekki minnst þess sérstaklega.

Jóni Ásgeiri er kynnt að fyrir liggi að veðum af hlutabréfum í Arcadia hafi ekki verið aflétt fyrir en um mánaðamót janúar og febrúar 2001 og þá hafi Baugur haft fullt forræði bréfanna. Jón Ásgeir er spurður hvernig hafi verið hægt að selja bréfin, sbr. færslur í bókhaldi Baugs, þann 29. desember 2000 þrátt fyrir að þau hafi þá verið föst hjá Íslandsbanka.

Jón Ásgeir kveðst vísa til greinargerðar Hreins Loftssonar dags. 28. maí 2004 þar sem þessi ferill sé allur skýrður. Jón Ásgeir segir að það sé skýrt að félagið hafi ekki tvífært hagnað vegna þessara bréfa. Jón Ásgeir segir að færslur í bókhaldi hafi verið færðar eins og til hafi staðið að viðskiptin færu fram en þau síðan ekki gengið eftir en það ekki komist til skila í bókhaldi.

Jón Ásgeir er spurður hvernig standi á því að kaup Baugs á 3,1 milljónum hlutabréfa í Arcadia af Kaupthing Bank í Luxembourg hafið verið færð í bókhaldi Baugs þrátt fyrir að aldrei hafi orðið af sölu bréfanna til Kaupthing Bank í Íslandsbanka.

Jón Ásgeir er spurður hvort færslur um sölu og kaup hlutabréfa í Arcadia hafi verið tilhæfulausar í því skyni að skapa svigrúm til að ráðstafa mismuni kaup- og söluverðs.

Jón Ásgeir segir að slíkar bollaleggingar séu af og frá.

Jóni Ásgeiri er kynnt að RLS hafi óskað eftir upplýsingum frá KBbanka um lánsamning á milli Baugs hf. og KBbanka frá desember 2001. Með bréfi KBbanka dags. 3. júní 2004 (skjal málsins nr. II/36.5) fylgdi lánsamningur dags. 28. desember 2001 (skjals málsins nr. II/36.5.1).

Jóni Ásgeiri er bent á Viðauka 1 með lánsamningnum en þar kemur m.a. fram „Loks verði USD 5.000.000 greiddar til Kaupthing Bank Luxembourg S.A. sem greiðsla á lána Baugs þar.“

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvaða lán hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A sé verið að greiða.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta svarað þessu án þess að skoða viðhlítandi gögn.

Jóni Ásgeiri er kynnt að fram hafi komið hjá Magnúsi Guðmundssyni að nefndir USD 5.000.000 hafi runnið inn á vörslureikning Baugs í Luxembourg til að jafna yfirdrátt sem var á reikningnum. Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti skýrt þetta.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt þetta og hafi hann ekki komið að beiðni um útborgun lánsins, það hafi Tryggvi Jónsson gert. Jón Ásgeir kveðst hins vegar hafa skrifað undir lánsamninginn.

Jóni Ásgeiri er kynntur stofnsamningur vörslureiknings Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg (Account opening form – skjal málsins nr. II/36.3.1) dags. 14. október 1998, undirritað af Tryggva Jónssyni fyrir hönd Baugs. Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við þessi skjöl.

Jón Ásgeir kveðst ekki kannast við þessi skjöl.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi vitað af stofnun þessa reiknings á þeim tíma sem hann var stofnaður.

Jón Ásgeir segir að sér hafi ekki verið tilkynnt það sérstaklega að þessi reikningur hafi verið stofnaður frekar en varðandi aðra reikninga sem stofnaður voru fyrir félagið. Jón Ásgeir segir að það hafi verið á verkswiði Tryggva Jónssonar að stofna bankareikninga.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Anna Þórðardóttir endurskoðandi hafi ekki vitað af tilvist vörslureiknings Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg og einnig að Óskar Magnússon hafi borið í skýrslutöku hjá lögreglu að hann hafi ekki vitað af stofnun þessa reiknings né tilvist hans.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki tjáð sig um það að Anna Þórðardóttir hafi ekki vitað af þessum reikningi enda hafi hún verið aðstoðarmaður Stefán Hilmarssonar sem hann telji að hafi vitað af þessum reikningi og ekki hafi staðið til að leyna endurskoðendum félagsins tilvist þessa reiknings.

Jón Ásgeir segir að Óskar Magnússon hafi vitað af reikningnum enda hafi hann fengið greiðslur af honum.

Jón Ásgeir segir að honum hafi verið tjáð að nettó-staða þessa reiknings væri rétt í bókhaldi Baugs. Jón Ásgeir segir að hann geti ekki sagt til um það nákvæmlega hvernig staða

vörslureikningsins hafi skilað sér í efnahagsreikning félagsins en segir að sér hafi verið tjáð það af endurskoðendum félagsins að nettó-staða vörslureikningsins í Luxembourg hafi skilað sér í efnahagsreikning. Aðspurður um hvort hann sé að vísa til þess að krafa Baugs á viðskiptamannareikning Kaupþings sé þessi nettó-staða kveðst Jón Ásgeir ekki geta sagt til um það.

Jóni Ásgeiri er nú kynnt að rannsóknarar hafi lokið formlegri yfirheyrslu.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann vilji koma á framfæri einhverjum athugasemdum varðandi það efni sem hann hafi verið yfirheyrður um í dag.

Jón Ásgeir segir svo ekki vera.

Jón Ásgeir les nú yfir framburð sinn.

Jón Ásgeir hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasemdum.

Gestur Jónsson hrl. verjandi Jóns Ásgeirs kveðst vilja bóka að hann óski eftir að fá afhent nú þegar afrit af gögnum um það efni sem Jón Ásgeir hefur verið yfirheyrður um í dag.


Jóni Ásgeir er kynnt að hann sé boðaður til yfirheyrslu föstudaginn 3. júní 2005, kl. 08:30

Skýrslutöku lokið kl. 14¹⁸.


Upplesið staðfest rétt eftir haft:


Jón Ásgeir Jóhannesson


Skýrsluna skráði:


Grímur Grímsson


Viðstaddur yfirheyrslu:


Gestur Jónsson, hrl

Þátttakandi í skýrslutökunni:


Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

Þátttakandi í yfirheyrslunni:


Arnar Jensson aðstoðaryfirlöggregluþjónn

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS	
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	V/14.19	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS – fimmtudaginn 16. júní 2005 kl. 13:13			
Sakarefni: Ætluð brot gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og 158. gr. alm. hgl. 19/1940.			
Vitni: Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala: 270168-4509		
Starf/staða: Forstjóri Baugs Group hf.	Vinnusími: 696 9999		
Lögheimili: Laufásvegi 69, Reykjavík	Sími:		
Dvalarstaður:	Sími:		

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun.

Jóni Ásgeiri er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar meint brot hans gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og almennum hegningarlögum með því að hafa fært eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhald Baugs þegar eigin hlutabréf í félaginu að nafnverði kr. 40.000.000,00 voru færð til vörslu hjá Kaupthing Bank Luxembourg og notuð þar meðal annars til uppfyllingar kaupréttarákvæðum starfssamninga æðstu stjórnenda Baugs hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé óskyldt að svara spurningum um það sem honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra máls nr. 19/1991. Brynt er fyrir Jóni Ásgeiri að kjósi hann að tjá sig um sakarefnið að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Jón Ásgeir kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Gestur Jónsson hrl. er skipaður verjandi Jóns Ásgeirs og er hann viðstaddur yfirheyrsluna.

Viðstödd yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Aldís Hilmarsdóttir lögreglufulltrúi.

Jón Ásgeir kom til yfirheyrslna vegna þessa sakarefnis 25. maí 2005.

Fyrir Jón Ásgeir er lagt skjal sem fylgdi greinargerð Hreins Loftssonar dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1). Um er að ræða skjal merkt Baugi Group, „Efni: Bókunarblað vörslureikninga – Kaupþing Luxembourg“, dags. 26. janúar 2003 ásamt fylgiskjali sem er merkt “Baugur hf. 22. janúar 2003, færslur á bankareikningum Baugs hjá Kaupthing Lux. skv. upplýsingum frá Tryggva Jónssyni og Kaupthing Lux.“ (skjal málsins nr. II/43.11.7) og hann spurður hvort hann kannist við skjölin.

Jón Ásgeir segir að hann kannist við undirskrift sína á bókunarblaðið. Jón Ásgeir segir að um sé að ræða skjal til bókunar á færslum á vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank í Luxembourg og fylgiskjöl þess vegna.

Jón Ásgeir er spurður hver hafi útbúið skjalið og af hvaða tilefni.

Jón Ásgeir segist halda að innri endurskoðandi Baugs hafi útbúið skjalið af því tilefni að stjórn félagsins hafi ákveðið að gera upp reikninginn.

07177

Jón Ásgeir er spurður hvaðan upplýsingarnar séu komnar sem skjalið er byggt á.

Jón Ásgeir segir að um sé að ræða skjal sem innri og ytri endurskoðendur félagsins hafi tekið saman en hann viti ekki nákvæmlega hvaðan þeir hafi aflað upplýsinga.

Undir Jón Ásgeir er borinn hluti úr framburði Magnúsar Guðmundssonar, forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg, í skýrslutöku hjá lögreglu yfirvöldum í Luxembourg 30.04.2004. (skjal málsins nr. IV/48.2.1)

„Senduð þér kvittanir vegna bankareiknings nr. 400017 til fyrirtækisins BAUGUR GROUP?“

“Já, í upphafi þessa viðskiptasambands sendi ég þær sjálfkrafa, en síðar gaf einn af æðstu stjórnendunum (sennilega TRYGGVI) mér fyrirmæli um að geyma öll skrifleg gögn vegna þessa bankareiknings hjá bankanum.“

Jón Ásgeir er spurður hvers vegna æðstu stjórnendur Baugs hafi óskað eftir því við Kaupthing Bank að fá ekki sendar staðfestingar vegna þessa reiknings frá bankanum.

Jón Ásgeir segir að Magnús hafi ekki verið í samskiptum við hann vegna þessa og geti því ekki sagt til um hvers vegna beðið hafi verið um að ekki yrðu sendar staðfestingar frá bankanum til Baugs. Jón Ásgeir segir að samskipti Magnúsar hafi áreiðanlega verið við Tryggva vegna þessa.

Skjal málsins II/43.11.7 liggur frammi.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra færslur 3-5, 8 og 22 á excelskjalinu sem meðfylgjandi var bókunarblaði vörslureikninga, dags. 26. janúar 2003.

Jón Ásgeir segir að hann telji að félagið og endurskoðendur, hvort tveggja innri og ytri, hafi lagt fram greinargerðir og skýrt þessar færslur og hann hafi engu við þær skýringar að bæta.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Tryggvi Jónsson hafi komið til yfirheyrslu hjá lögreglu 15. júní 2005 vegna þessa máls (skjal málsins nr. V/1.23). Skýrslan er lögð fyrir Jón Ásgeir.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Tryggvi Jónsson hafi í framburði sínum dags. 15. júní 2005 lýst því að hann hafi haldið að salan á 3,1 milljón hlutabréfa í Arcadia frá Baugi til Kaupthing Bank (sbr. Share Transfer Agreement dags. 28. desember 2000 – skjal II/43.11.4) hafi farið fram. Hinsvegar sagði Tryggvi að á svipuðum tíma og hann og Magnús Guðmundsson hafi verið að semja um söluna hafi Jón Ásgeir, Hreiðar Már Sigurðsson hjá Kaupþingi og Bjarni Ármannsson hjá Íslandsbanka verið að leggja drög að stofnun félags til að halda utan um eign þessara aðila í Arcadia. Tryggvi sagði að honum og Magnúsi hafi ekki verið kunnugt um þessar ráðagerðir Jóns Ásgeirs, Hreiðars Máss og Bjarna fyrir en síðar. Tryggvi lýsir því að samkomulag hafi náðst á milli Jóns Ásgeirs og Hreiðars Máss þess efnis að salan frá Baugi til Kaupthing Bank frá 28. desember 2000 gengi ekki eftir.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann og Hreiðar Már hafi gert samkomulag um að salan frá 28. desember 2000 gengi ekki eftir.

Jón Ásgeir segir að það sé rétt hjá Tryggva að Tryggvi hafi ekki verið með upplýsingar um ráðagerðir hans sjálfs, Hreiðars Máss og Bjarna um stofnun A-Holding í þeim tilgangi að halda utan um eignir í Arcadia. Jón Ásgeir segir að hann muni ekki hvort hann hafi gert sérstakt samkomulag við Hreiðar Má um að kaupsamningur frá 28.12. 2000 gengi ekki eftir. Jón Ásgeir kveðst ekki muna hvort kaupin hafi verið bakfærð eða hvort Baugur hafi keypt bréfin aftur af Kaupthing Bank á sama verði og salan fór fram á þann 28.12. 2000. Jón Ásgeir segir að tilgangur stofnunar A-Holding hafi verið sá að halda utan

um hluti stofnendanna í A-Holding og það hafi orðið raunin og hafi Baugur lagt inn 3,1 milljón hluti sem þá voru á markaðsverði kr. 544 milljónir sem skráð hafi verið stofnverð hlutanna í A-Holding.

Tölvupóstssamskipti á milli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar, dags. 3.8. 2001.
Subject: Re: Jólagjafir til starfsmanna.

„Skuldir hjá Magga í lux hvernig eru þær tilkomnar kemur á óvart hve upphæðin er há bendi á að ef þær eru fyrir utan það sem við höfum látið ísb vita um þá gætum við verið í slæmum málun. Einnig tók eftir að þegar Option í Baugi var færð yfir á mig þá var ekki færðar skuldir á móti hvernig stendur á því. Geri mér grein fyrir að þetta eru sósu mál hjá magga en þætti betra að hafa yfirsýn hvað stendur á bak við þetta.

Jón Ásgeir“

og

„Ég er með skuldina afstemmda. Stærsti hluti skuldarinnar er vegna Arcadia (3.100.000 hlutir á gengiu 1,35 – síðan eigum við dulda inneign á móti miðað við gengið 0,85 til að hafa upp í ruslakistuna). Skuldin er því vegna Arcadia 585,9 millj. kr (3,1 millj. bréf x 1,35 x 140). Inneign á móti eru rúmar 200 millj. kr. (3,1 millj. bréf x (1,35-0,85) x 140). Þær fara upp í ýmsar syndir, þegar þetta verður greitt, m.a. vegna ÓM. Við getum farið yfir stöðuna í detail þegar þér hentar.

Hvenær var option færð yfir á þig?

Tryggvi.“

Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við þennan póst.

Jón Ásgeir segir að hann muni ekki nákvæmlega eftir þessum pósti en samkvæmt efni póstsins sé hann að biðja um skýringar á því hvers vegna ekki hafi verið búið að færa skuldabréf á móti „optionum“ vegna hlutabréfa sem starfsmenn Baugs hafi fengið af vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank. Varðandi lán sem nefnt er í póstinum segir Jón Ásgeir að hann sé að biðja um upplýsingar um öll lán Baugs vegna sambankaláns sem Baugur hafi verið að undirbúa að taka í gegnum Íslandsbanka.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvað hann eigi við þegar hann talar um í póstinum að um „sósumál“ sé að ræða.

Jón Ásgeir segir að hann muni þetta ekki en segir að svona orðalag hefði hann getað notað þegar hann hafi ekki haft allar upplýsingar um ákveðin mál.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann viti hvað Tryggvi hafi átt við með „...síðan eigum við dulda inneign á móti miðað við gengið 0,85 til að hafa upp í ruslakistuna)“.

Jón Ásgeir segir að hann viti ekki hvað Tryggvi eigi við með þessu orðalagi. Jón Ásgeir segir að á þeim tíma sem pósturinn er skrifaður hafi Baugur verið búinn að eignast A-Holding og samkvæmt hans skilningi hafi engin lán eða inneignir átt að standa út af borðinu vegna þess.

Jón Ásgeir er spurður hvort að hann hafi fengið frekari skýringar hjá Tryggva vegna þessarar skuldastöðu í Luxembourg.

Jón Ásgeir segir að hann muni ekki til þess.

Fyrir Jón Ásgeir er nú lagt excel-skjal með fyrirsögninni „Leiðréttingar sem gerðar voru í bókhaldi Baugs í janúar 2003 og hvernig þær heimfærast í rekstrareikningi Baugs árin 1999-2001.“ Um er að ræða niðurstöðu efnahagsbrotadeildar á áhrifum leiðréttinganna á rekstrarreikning Baugs skipt niður á rekstrarárin 1999-2001 (28.02.2002).

Jón Ásgeir er spurður hvort hann vilji tjá sig um þessar niðurstöður sem fyrir hann eru lagðar.

Jón Ásgeir segir að hann vilji á þessu stigi ekki tjá sig um þessar niðurstöður. Hann telji rétt að endurskoðendur hans meti niðurstöðurnar.

Jóni Ásgeiri er afhent afrit excel-skjalsins.

Jóni Ásgeiri er kynnt að rannsóknarar hafi nú lokið formlegri yfirheyrslu og hann spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Ásgeir segir að hann vilji bæta við að hann hafi alltaf staðið í þeirri trú og honum hafi verið tjáð að allir reikningar Baugs væru rétt færðir í bókhaldi félagsins.


Jón Ásgeir hefur nú lesið yfir skýrsluna.

Skýrslutöku lauk kl: 14⁰⁷

Upplesið og staðfest:


Jón Ásgeir Jóhannesson


Skýrslu skráði:


Grímur Grímsson

Þátttakandi í yfirheyrslunni:


Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrsluna:


Gestur Jónsson, hrl.

Leiðréttingar sem gerðar voru í bókhaldi Baugs í janúar 2003 og hvernig þær heimfærast í rekstrareikningi Baugs árin 1999-2001. Kostnaður skv. fskj. BB02-00070 hefur verið hlutfallaður niður eftir árum, sem ekki er sýnt í leiðréttingarblaði.


Leiðrétt pr.	Leiðréttingar fylgiskjal BG	Nr. reikn. í bókhaldi Baugs	Heiti reikningslykils í bókhaldi Baugs	Leiðréttur (kostnaður) eftir tímabilum	28.02.2002
				31.12.1999	31.12.2000
26.01.2003	BB02-00070	39302	Kostnaður	(3.418.000)	(24.202.413)
26.01.2003	BB02-00070	52255	Fjármagnskostnaður	0	(26.399.244)
26.01.2003	BB02-00070	52255	Fjármagnskostnaður		520.949
				(3.418.000)	(50.080.708)
					16.378.243
					(149.748.894)
					Skipting skv. vaxtablaði frá KPL.
28.02.2003	SA00204	52255	Fjármagnskostn. v/Kp. Lux		(25.000.000)
28.02.2003	SA00204	52255	Fjármagnskostn. v/Kp. Lux		(13.045.954)
28.02.2003	SA00204	52255	Fjármagnskostn. v/Kp. Lux		(688.899)
				(3.418.000)	(88.815.561)
31.12.2003	SA01844	55505	Hagnaður af sölu hlutab. Arcadia Plc.		(164.610.536)
					376.650.596
					Lagt inn í A Holding árið 2001 á genginu 1,35
					(149.748.894)
					Lr. L0565 - dags. 30.04.00 - Tekj. v/ábyrgða á hlutabréf
					Lr. L0619 - dags 30.06.00 - Þóknun v/hlutabréfakaupa
					Lr. Fskj. 5116 - dags. 07.10.98 - Kaupbing v/Frosifilm

(Oftalinn)/Vantalinn hagnaður fyrir skatta: **(3.418.000)** **226.901.702**

Hagnaður Baugs, móðurfélags, fyrir skatta: 927.296.000 545.361.000

Ath. BB02-00070 rangt gengi í færslu nr. 46. árið 2000- Mism. 27.021.488. - leiðrétt af RLS í ofangreindri samantekt.

meðl.


16. júní 2005


V/4.19.1